

Til allra sveitarfélaga: Gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kynntar í samráðsgátt

Frá : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>
Heiti : Til allra sveitarfélaga: Gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kynntar í samráðsgátt
Málsnúmer : 2211028
Málsaðili : Samgöngu- og sveitarstjórnarrá
Skráð dags : 13.03.2023 11:28:11
Höfundur : Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>

Viðhengi ATT00001.jpgATT00001.jpg

Tilvísun í mál: IRN22090130

Góðan dag

Innviðaráðuneytið vekur athygli á því að fyrir helgi voru kynntar í [samráðsgátt stjórnvalda](#) gagngerar breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Breytingarnar miða að því að bæta gæði jöfnunar og einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins. Þá er það markmið að umgjörð sjóðsins endurspegli og fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar. Umsagnarfrestur er til 27. mars nk.

Finna má drög að skýrslu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem byggja á niðurstöðum starfshópsins, auk frekari umfjöllunar í [samráðsgátt stjórnvalda](#) og á [vef ráðuneytisins](#). Starfsfólk Jöfnunarsjóðs veitir jafnframt nánari upplýsingar um útreikning framlaga fyrir hvert sveitarfélag.

Bestu kveðjur,
Jóhanna Sigurjónsdóttir